



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 135/1968
komudagur 2.4.2008

Tilv.: 0803018

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Selmu Hafliðadóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2008

1.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf, dags. 12. mars sl., frá viðskiptanefnd Alþingis þar sem óskað var eftir að Samkeppniseftirlitið veitti umsögn um frumvarp til innheimtulaga, 324. mál, heildarlög.

2.

Í 12. gr. frumvarps til innheimtulaga kemur fram heimild viðskiptaráðherra til setningar reglugerðar þar sem kveða má á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að kveðið sé á um að ráðherra setji ekki reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar nema að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila t.d. Lögmannafélag Íslands, Samtök fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands.

3.

Samkeppnisyfirvöld hafa áður fjallað um gjaldtöku vegna innheimtukostnaðar og aðra gjaldtöku lögmanna. Vísast um það m.a. til ákvörðunar Samkeppnisráðs nr. 3/1994, en þar var Lögmannafélagi Íslands (LMFÍ) synjað um undanþágu frá banni við ólögsmætu samráði vegna leiðbeinandi reglna félagsins sem m.a. lutu að þóknun í innheimtumálum. Var synjunin byggð á því að beiðni félagsins uppfyllti ekki skilyrði laga auk þess sem leiðbeinandi reglur félagsins væru til þess fallnar að hafa áhrif á aðrar gjaldskrár lögmanna og kostnaðartengdar breytingar á þeim. Með því myndu reglurnar sem sótt var um undanþágu fyrir fremur geta dregið úr verðsamkeppni á milli lögmanna en aukið hana.

Með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004 var LMFÍ sektað um 3,5 m.kr. fyrir ólögsmætt samráð vegna sk. kostnaðargrunns fyrir lögmannsstofur. Grunnurinn var saminn á vegum félagsins á árunum 2001-2002 og fól í sér upplýsingar um hvert tímagjald lögmanna þyrfti að vera að lágmarki að teknu tilliti til ákveðinna fyrirfram gefinna rekstrarforsendna. Kostnaðargrunnurinn var síðan sendur öllum félagsmönnum LMFÍ með upplýsingum um hvert tímagjald lögmanna þyrfti að lágmarki að vera miðað við grunninn.



4.

Samkeppniseftirlitið vekur athygli á því að það fyrirkomulag sem boðað er í frumvarpinu, að kveða í reglugerð á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, fellur ekki að þeim grundvallarsjónarmiðum samkeppnisréttar að ákvarða skuli verð í viðskiptum í frjálsri samkeppni. Hins vegar getur samkvæmt eðli máls skort á samkeppnislegt aðhald í ákvörðunum um gjaldtöku vegna innheimtu, enda viðkomandi skuldari ekki í aðstöðu til að veita slíkt aðhald.

Með hliðsjón af framangreindu gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemd við reglugerðarheimildina sem slíka, en leggur áherslu á að við setningu slíkrar reglugerðar sé hugað gaumgæfilega að áhrifum þess að ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar og þess gætt að slík ráðstöfun hafi ekki áhrif á gjaldtöku á öðrum sviðum, t.d. þegar í hlut á alhliða lögmannsstofa.

Samkeppniseftirlitið leggur hins vegar til að tilvitnuðu ákvæði frumvarpsins verði breytt á þann veg að hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar verði ákveðin án samráðs eða annars atbeina hagsmunasamtaka fyrirtækja. Skal það rökstutt nánar.

Samkvæmt 12. gr. samkeppnislaga er samtökum fyrirtækja óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem eru bannaðar samkvæmt lögnum, svo sem ólögmeats samráðs skv. 10. gr. laganna. Með ákvörðun samtaka fyrirtækja í skilningi samkeppnisréttar er átt við hvers konar bindandi eða leiðbeinandi ákvarðanir. Í því felst m.a. að samtökum fyrirtækja er óheimilt að fjalla um eða ákveða verð hjá aðildarfélagum á vettvangi samtakanna eða annars staðar.

Með vísan til 12. gr. samkeppnislaga og markmiðs laganna leggst Samkeppniseftirlitið gegn því að ráðherra hafi samráð við helstu hagsmunaaðila um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar líkt og gert er ráð fyrir í 12. gr. frumvarpsins, enda getur það haft í för með sér alvarlegar samkeppnishömlur hjá umræddum samtökum fyrirtækja.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson